



Háskóli Íslands. Háskólaráð ætlar að gefa út skrá um ritstörf allra sem starfað hafa sem kennarar við skólann í tilefni af vígslu nýja háskólahússins 1940

Bjarni Benediktsson – Háskóli Íslands. Háskólaráð ætlar að gefa út skrá um ritstörf allra sem starfað hafa sem kennarar við skólann í tilefni af vígslu nýja háskólahússins 1940

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-6, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 4. janúar 1940.

Í tilefni af vígslu nýja háskólahússins hefur háskólaráðið samþykkt að gefa út skrá um ritstörf allra þeirra, er starfað hafa sem kennarar við háskólann frá stofnun hans til þessa dags.

Í skránni verður:

1. Rit háskólakennara (og þýðingar á þeim), sem út hafa verið gefin. Æskilegt væri, að getið sé um ritdóma annarra manna um ritin, einkum í tímaritum.
2. Ritgerðir í safnritum, tímaritum og blöðum, en ekki það, sem telja verður venjulegar blaðagreinar.
3. Ritdómar, einkum í tímaritum, en þeim sleppt, sem einungis má telja bókarfregnir.
4. Útgáfur, sem kennarar hafa annast, einir eða með öðrum, og útgáfustjórn.
5. Ritstjórn blaða og tímarita.
6. Þýðingar rita.
7. Skáldskapur.
8. Ræður (prentaðar í tímaritum).
9. Eftirmæli (í tímaritum og árbók).

Ritstörfum hvers höfundar sé ræðað eftir árum, svo að saman komi það, sem út hefur komið á hverju ári. Ef um er að ræða rit

í mörgum bindum eða ritstjórn um árabíl, skal geta þess við fyrsta árið.

Geta skal um þau ein rit og ritgerðir, sem komið hafa á prent (eða verið fjölrituð), og einungis þau, sem út hafa komið meðan höfundurinn var starfandi kennari við háskólann (eða emeritus).

Til þess er ætlazt, að samskonar skrá komi út á 5 ára fresti.

Það eru vinsamleg tilmæli mín, að þér vilduð gera svo vel að láta mér í té skýrslu um ritstörf yðar, eins og fyr greinir, þann tíma, sem þér hafið starfað sem háskólakennari. Skráin á að koma út á vígsludegi háskólans, og þar sem nokkurar horfur eru á því, að auðið verði að vígja hann 17. júní n.k., leyfi ég mér að beiðast þessarar skýrslu í síðasta lagi 1. apríl.

Virðingarfyllst,

Arvandur Jóhannesson
rektor háskólans.

Herra próf. Bjarni Benediktsson